

**Nd.**

**626. Breytingartillaga**

**[44. mál]**

við brtt. á þskj. 248 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Meginmál. 2. tölul. orðist svo:

Aftan við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist:

með þessum breytingum: Fyrst skal finna atkvæðatölur jafnmargra efstu frambjóðenda hvers lista og kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Þegar þessum frambjóðendum eru talin brot úr atkvæði, skal í teljara þess vera tala þeirra bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem frammar standa á listanum, breyttum eða óbreyttum, og í nefnara þess tala þeirra bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna, sem kjósa á. Ef framboðslisti fær ekki úr hópi þessara frambjóðenda þá tölu bæjarfulltrúa og varamanna eða hreppsnefndarmanna og varamanna, sem honum ber, skal hann fá til viðbótar svo marga varamenn sem á vantar þá tölu úr hópi þeirra frambjóðenda, sem aftar standa á listanum, og í þeirri röð, sem þeir verða, ef atkvæðatölur þeirra eru ákveðnar á sama hátt og gert er um jafnmarga efstu menn hvers lista og kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn.